

Stjórnarfundur Fáks 23. janúar 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Jón Finnur Hansson, Hrefna Karlsdóttir og Heiðrún Sigurðardóttir

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

2. ÍBR þingið

ÍBR (Íþróttabandalag Reykjavíkur) þingið fer fram 22.-23. febrúar nk. og Fákur á 5 fulltrúa á þinginu sem þarf að manna. Jón Finnur mun senda út tilkynningu um þingið til stjórnarmanna Fáks.

3. Stórsýning Fáks

Lagt var til að Maríanna taki að sér að leiða skipulagsnefnd fyrir Stórsýninguna sem á 30 ára afmæli í ár. Jón Finnur mun hafa samband við Gunnar Arnars og/eða Hafliða Halldórs í sambandi við sýningastjórn.

4. Reiðhallarhurð

Tilboð í hurð á suðausturhlið Reiðhallar fíkkst frá Vögnum og þjónustu og var það samþykkt.

5. Landsmótsframkvæmdir og greiðslur frá Reykjavíkurborg

Rætt var um framkvæmdir á Fákssvæðinu tengdar Landsmóti 2018, m.a. um breikkun á skeiðbraut á Hvammsvelli.

6. Tilskipun í vallarnefnd

Ákveðið var að skipa Rúnar Bragason sem formann vallarnefndar Fáks. Meðstjórnendur verða stjórnarmeðlimir Fáks.

7. Auglýsingasala

Fáki vantár einstakling til að selja auglýsingar á veggi Reiðhallarinnar og fyrir ýmsa viðburð Fáks (ekki Landsmót). Dídí (Herdís) hefur boðist til þess að sinna þessu verkefni.

8. Skítamál Reykjavíkurborg/Sorpá

ENN er vandamál að losna við hrossaskít. Þórður Ólafsson, formaður Faxabólsfélagsins, hefur verið fenginn til að vinna í þessum málum fyrir hönd Fáks.

9. Keppnisnefnd, mönnun og styrkir

Staða formanns keppnisnefndar er laus. Hugmynd er uppi að skipta keppnisnefnd upp í tvær nefndir; önnur sér um minni mótin (vetrarmót, firmakeppni ofl) og önnur sem sér um Reykjavíkurmót og Gæðingamót Fáks. Stjórn Fáks vinnur í því að finna fólk sem er tilbúið til að taka að sér þessi verkefni.

10. Reiðskemmur, formlegt leyfi




Formlegt leyfi fyrir reiðskemmum á Fákssvæðinu liggur fyrir borgarráði og verður tekið til samþykktar næstkomandi fimmtudag. Ef leyfi fæst samþykkt hefst 6 vikna auglýsingaferli hjá Reykjavíkurborg þar sem fólk getur sent inn athugasemdir við framkvæmdir.

Framkvæmdaleyfi fyrir reiðskemmu í Almannadal ásamt skiptingu byggingalóða (sjá fundargerð frá 9. janúar sl.) er einnig í ferli, og verður vonandi lagt fyrir borgarráð á næstu vikum.

11. Önnur mál

- a. Fákur auglýsti eftir starfsmanni í ýmist viðhald fyrir félagið. 6 umsóknir bárust og ákveðið hefur verið að ræða við einn umsækjanda, Svaðar Magnússon.
- b. Hrefna María Ómarsdóttir hefur ákveðið að hætta í stjórn Fáks og hefur þegar látið af störfum.
- c. Hrefna Karlsdóttir hefur tilkynnt að hún muni hætta sem gjaldkeri Fáks á næsta aðalfundi.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Jón Sergerstofa" on top and "Heitinn Brág" on the bottom.